

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

1. Í stað orðanna „kvenna og karla“ í a-lið 3. tölul. kemur: kynjanna.
2. Á eftir a-lið 3. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Stjórnsýslu jafnréttismála.
3. Við 3. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningu barna og varanlegar breytingar á ódæmigerðum kyneinkennum barna.
4. G-liður 6. tölul. fellur brott.
5. Við 6. tölul. bætast tveir nýir stafliðir sem orðast svo:
 - i. Varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands.
 - j. Vernd uppljóstrara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

1. Á eftir i-lið 2. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð.
2. Á eftir j-lið 3. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Orkusjóð.
3. Á eftir g-lið 4. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Viðskiptaleyndarmál.
4. Orðin „verðlagsráð sjávarútvegsins“ í s-lið 5. tölul. falla brott.
5. Á eftir r-lið 6. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Matvælasjóð.
6. Orðin „þ.m.t. æðardúnsnefnd, ullarmatsnefnd og gærumatsnefnd“ í t-lið 6. tölul., sem verður u-liður, falla brott.
7. Á eftir b-lið 7. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Ferðagjafir.
8. Á eftir a-lið 8. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

1. C-liður 4. tölul. fellur brott.
2. Á eftir e-lið 4. tölul., sem verður d-liður, kemur nýr stafliður sem orðast svo: Tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar.
3. E- og f-liður 25. tölul. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

1. Á eftir i-lið 2. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.
2. Á eftir i-lið 5. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.
3. Á eftir j-lið 5. tölul., sem verður k-liður, koma tveir nýir stafliðir sem orðast svo:
 - l. Tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví.
 - m. Greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldursins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

1. Á eftir g-lið 2. tölul. koma fjórir nýir stafliðir sem orðast svo:
 - h. Tekjufallsstyrki.
 - i. Viðspymustyrki.
 - j. Fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
 - k. Stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti.
2. Á eftir a-lið 8. tölul. kemur nýr stafliður sem orðast svo: Skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
3. E-liður 8. tölul., sem verður f-liður, fellur brott.
4. Við 9. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Endurnot opinberra upplýsinga.

6. gr.

J-liður 3. tölul. 6. gr. fellur brott.

7. gr.

C- og d-liður 3. tölul. 7. gr. orðast svo:

- c. Menntasjóð námsmanna.
- d. Málskotsnefnd Menntasjóðs námsmanna.

8. gr.

B-liður 5. tölul. 8. gr. fellur brott.

9. gr.

B-liður 2. tölul. 10. gr. orðast svo: Sendiskrifstofur og ræðisskrifstofur Íslands erlendis.

10. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. apríl 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.